

GJALDSKRÁ

fyrir hundahald í Bessastaðahreppi 1991.

1. gr.

Gjald fyrir leyfi til að halda hund í lögsagnarumdæmi Bessastaðahrepps, sbr. b stl. 2. gr. samþykktar um hundahald í Bessastaðahreppi, skal vera kr. 6 500 fyrir árið 1991. Gjaldið greiðist fyrirfram á gjalddaga 1. janúar 1991.

2. gr.

Gjald vegna töku á hundum, sbr. 2. gr. áðurnefndrar samþykktar, skal vera kr. 2 000 í fyrsta skipti, kr. 4 000 í annað skipti og kr. 6 000 í þriðja skipti og oftar.

3. gr.

Um vexti af vangreiddum leyfisgjöldum gilda almennar reglur.

4. gr.

Ofangreind gjaldskrá sveitarstjórnar Bessastaðahrepps staðfestist hér með skv. 22. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, með ofangreindum gildistíma.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 21. desember 1990.

Guðmundur Bjarnason.

Ingimar Sigurðsson.

SAMÞYKKT

um hundahald í Stokkseyrarhreppi.

1. gr.

Hundahald er bannað í Stokkseyrarhreppi.

2. gr.

Sveitarstjórn er þó heimilt að veita einstaklingum búsettum í hreppnum, í vissum tilvikum undanþágu til hundahalds með eftirfarandi skilyrðum:

- Hundurinn skal skráður á skrifstofu hreppsins, og þar fær eigandi hundsins afhenta plötu sem jafnan skal vera í ól um háls hundsins.
- Árlega skal sveitarsjóði greitt leyfisgjald fyrir þá hunda, sem undanþága er veitt fyrir. Gjaldið skal vera kr. 8000,00 á ári. Gjalddagi er 15. janúar ár hvert.
- Skylt er hundaeiganda að hafa hund sinn ábyrgðartryggðan hjá viðurkenndu váttryggingarfélagi. Við greiðslu árlegs leyfisgjalds skal leggja fram kvittun frá tryggingarfélaginu, sem sýni að tryggingin sé í fullu gildi.
- Hundurinn skal aldrei ganga laus á almannafæri, heldur vera í taumi í fylgd með aðila, sem hefur fullt vald yfir honum. Eigi er leyfilegt að fara með hund inn í skólahús, matvöruverslanir eða aðra staði, þar sem matvæli eru um hönd höfð.
- Hundaeiganda ber að hlíta að öðru leyti lögum og reglum, er hundahald varða, þ.á m. reglum um árlega hreinsun hunda og greiðslu leyfisgjalds, sem fer skv. sérstakri samþykkt, sem heilbrigðismálaráðherra staðfestir, svo og fyrirmælum, sem heilbrigðis-málanefnd setur.